



Úthlutun Uppbyggingar- sjóðs Austurlands 2026

11. desember 2025
Sköpunarmiðstöðinni, Stöðvarfirði

Dagskrá

Fundarstjóri:	Jóna Árný Þórðardóttir, bæjarstjóri Fjarðabyggðar
Tónlistarflutningur:	Hljómsveitin Sárasótt
Ávarp:	Logi Einarsson, menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra
Ávarp:	Jóna Hlíf Halldórsdóttir, formaður úthlutunarnefndar
Afhending styrkja:	Logi Einarsson, menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra og Berglind Harpa Svavarsdóttir, formaður SSA
Tónlistarflutningur:	Hljómsveitin Sárasótt
Ávarp:	Signý Ormarsdóttir, verkefnastjóri menningar hjá Austurbrú

Léttingar veitingar frá Brauðdögum deighúsi og Kaffi Kvörn

Logi Einarsson
menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra

Ávarp



Úthlutun styrkja úr Uppbyggingarsjóði Austurlands fyrir verkefnaárið 2026 markar mikilvægan áfanga í uppbyggingu og framþróun samfélagsins á Austurlandi. Ár hvert sýnir fjöldi og fjölbreytni umsókna þann kraft sem býr í atvinnulífi, menningu og frumkvöðlastarfi í fjórðungnum, og árið 2026 er engin undantekning.

Sem ráðherra nýsköpunar og menningarmála gleður mig að sjá metnaðinn í verkefnum sem hljóta styrk. Þau endurspegla fjölbreytta menningu, skapandi hugsun og samfélagslega dýpt, auk tækifæra og tengslamyndunar sem byggja má á til framtíðar.

Menningarstarf er grundvallarþáttur þegar fólk velur sér búsetu. Menning á ekki að vera lúxus fyrir fáa heldur hluti af daglegum lífsgæðum, óháð efnahag og búsetu. Stjórnvöld hafa sett sér markmið um gott aðgengi að menningu, bæði til þátttöku í skapandi starfi og til að sækja viðburði. Þetta getur verið áskorun á landsbyggðinni, og því legg ég áherslu á að byggja upp öfluga menningarinnviði í öllum landshlutum. Uppbyggingarsjóður veitir síðan eldsneytið sem tryggir að innviðir nýtist sem best, og hér á Austurlandi sést að þessi samvinna skilar árangri.

Sama á við um nýsköpun. Atvinnuþróunarstyrkir ársins sýna mikla grósku og frumkvöðlahugsun sem á rætur í tengslum við náttúru, menningu og sögu. Ég tel afar mikilvægt að efla innviði og stuðning við nýsköpun á landsbyggðinni og mun beita mér fyrir því. Markmiðið er að hvetja enn fleiri til að sækja um styrki og auka árangur þeirra.

Uppbyggingarsjóður skapar forsendur fyrir nýsköpun, samfélagsþróun og menningarlega dýpt. Styrkirnir eru bæði viðurkenning og hvatning til áframhaldandi uppbyggingar.

Ég þakka umsækjendum fyrir sitt frumkvæði. Styrkhöfum óska ég innilega til hamingju og velfarnaðar í sínum verkefnum. Ég er þess fullviss um að þau munu skila jákvæðum áhrifum víðs vegar um fjórðunginn.

Jóna Hlíf Halldórsdóttir
form. úthlutunarnefndar



Ávarp

Í dag fögnum við úthlutun úr Uppbyggingarsjóði Austurlands. Innilegar hamingju-óskir, kæru styrkhafar. Hjartans þakkir fyrir dýrmætt framlag ykkar til nýsköpunar og menningar á Austurlandi; hugrekki og seigla sem þið sýnið hafa djúpstæð áhrif á samfélagið, og þær hugsjónir sem þið berið fram eru burðarstoð frumsköpunar og þess ávinnings sem í henni felst. Verkefnin sem hlotið hafa brautargengi bera með sér metnað, hugmyndaauðgi og framsækni — og það verður ánægjulegt að fylgjast með þeim vaxa og taka á sig endanlega mynd á komandi árum.

Alls bárust 97 umsóknir í sjóðinn, og samtals var sótt um styrki að upphæð 173,1 milljónir króna. Til úthlutunar voru 59,27 milljónir króna sem skiptast á milli 57 fjölbreytilegra og áhugaverðra verkefna. Hvert og eitt þeirra er mikilvæg fjárfesting í samfélaginu — fjárfesting sem styrkir andlegt líf okkar, eflir menningarlega fjölbreytni og skapar betri forsendur til að lifa og starfa á Íslandi á 21. öld. Það er því afar mikilvægt að efla sjóðinn enn frekar, svo unnt sé að styðja áfram við ný verkefni, rækta sköpunarkraft og tryggja eðlilega þróun í starfsumhverfi listafólks og frumkvöðla. Sjóðurinn hefur staðið í stað og því brýnt að vinna að því að styrkja hann til framtíðar.



Úr FabLab í Verkenntaskóla Austurlands. (Esther Ösp Gunnarsdóttir)

Fagráðin vega og meta verkefni sem þegar eru orðin fastur liður í menningar- og samfélagslífi á svæðinu, en styðja jafnframt við umsóknir sem stuðla að nýliðun og meiri grósku. Sérstök áhersla hefur verið lögð á að verkefnin dreifist um byggðir landshlutans. Í ár var m.a. lögð áhersla á stuðning við nýsköpun í atvinnustarfsemi ungs fólks og við barnamenningu.

Mikilvægi menningar og lista verður aldrei metið í krónum einum saman. Mikilvægið birtist í tengslum menningar og lista við tjáningarfrelsið, sem er okkur jafn nauðsynlegt og súrefnið. Mikilvægi felst í skapandi krafti mannfólksins — þörfinni til að hlusta á sögur, segja frá og upplifa hljóð, myndir, hreyfingu, form og liti, kynslóð fram af kynslóð. Þetta undirliggjandi gildi sameinar listgreinar og gerir okkur öll, sama hvaða tungumál við tölum, að samhentri þjóð.

Að lokum vil ég þakka þeim sem setið hafa í fagráðum sjóðsins fyrir þeirra mikilvægu og óeigingjörnu störf. Vinna nefndanna er krefjandi og krefst bæði fagþekkingar og reynslu — sérstaklega þegar fjármunir eru takmarkaðir. Þá þakka ég samstarfsfólki mínu í úthlutunarnefnd fyrir ánægjulegt samstarf og starfsfólki Austurbrúar fyrir mikilvægt framlag til uppbyggingar, menningar og samfélags hér á Austurlandi. Þið eigið öll stóran þátt í þeirri framtíðarsýn sem við fögnum hér í dag.

Ávarp

Signý Ormarsdóttir,
verkefnastjóri menningar hjá Austurbrú

Ég vil óska styrkhöfum innilega til hamingju með styrkinn. Úthlutun úr Uppbyggingarsjóði Austurlands er alltaf hátíðleg stund og gleðileg, því hún minnir okkur á þann kraft og sköpunargleði sem býr í samfélagi okkar. Tilgangur sjóðsins er að styrkja menningar-, atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni hér á svæðinu og hann skilar svo sannarlega sínu, bæði í krónum talið en ekki síður því að vera okkur öllum innblástur og hvatning. Hér stendur hópur frumkvöðla og skapandi fólks af Austurlandi, sem er drifið áfram af hugmyndaauði og sýn um hvernig við getum gert svæðið enn betra. Okkur er öllum ljós sú mikla vinna og fórnir sem liggja að baki því að þið standið hér í dag.

Hugmyndir öðlast ekki líf nema með endalausri vinnu, tíma og fyrirhöfn og við erum þakklát fyrir vilja ykkar og getu til þess að koma þeim í framkvæmd og stuðla þar með að enn öflugra atvinnu- og menningarlífi um allt Austurland.

Ég er þess fullviss að það fjármagn sem veitt er úr sjóðnum í dag mun nýtast vel og verkefnin margfalda gildi sitt. Það endurspeglast í auknu vöruúrvali, lífsgæðum og sýnileika fjórðungsins út á við. Þó sú heildarupphæð sem við höfum til umráða sé ekki há, og við teljum nauðsynlegt að stjórnvöld gefi í til að tryggja að hún haldi í við verðlagshækkunar, höfum við margt séð á undanförunum árum hversu miklu hún skilar inn í samfélagið. Við byggjum ekki við jafn ríkulegt tónleikahald og listsýningar, minna úrval væri af afþreyingu fyrir ferðamenn og matvælaframleiðsla væri ekki í jafnmiklum blóma ef ekki væri fyrir Uppbyggingarsjóð.

Við erum hér til að fagna því að stuðningur er að koma til margra og fjölbreyttra verkefna. Ég er með ykkur hér í síðasta sinn þar sem ég hef ákveðið að láta af störfum um mitt næsta ár. Það hefur verið mér mikill heiður að fá að leiða starfið í kringum Uppbyggingarsjóð Austurlands, þróa verkferla og vinna það með ótrúlega fjölbreyttum hópi fólks sem allt á það sameiginlegt að vilja byggja Austurland upp, skapa tækifæri og styrkja samfélög okkar. Ég vil þakka ykkur öllum fyrir samstarfið, traustið og samræðurnar í gegnum tíðina. Þetta starf við sjóðinn hefur kennt mér margt, fært mér innblástur og kraft. Ég er samfærð um að sterkasta auðlind Austurlands er fólkid sem hér býr og að hugmyndirnar og drifkrafturinn verður áfram og á bara eftir að aukast. Kærar þakkar fyrir samvinnu, samveru og traustið í gegnum árin og aftur til hamingju, kæru styrkþegar.




Tölfræði

Samtals var úthlutað **59,27 millj. kr.**

Menning

34 verkefni
26.945.000 kr.

**Stofn- og
rekstrarstyrkir**
3 verkefni
5.500.000 kr.



**Atvinnuþróun
og nýsköpun**
20 verkefni
26.825.000 kr.

Alls bárust 97 umsóknir í ár að heildarupphæð 173,1 milljón króna. Af þeim voru 33 umsóknir á sviðið atvinnu og nýsköpunar, 60 á sviði menningar og 4 umsóknir um stofn- og rekstrarstyrki. Úthlutunarnefnd samþykkti styrkveitingar til 57 verkefna af þeim 97 sem sóttu um eða 59% .

Heildarkostnaður verkefnanna sem sótt var um taldi 554,8 milljónir en til úthlutunar voru rúmar 59 milljónir. Tuttugu atvinnu- og nýsköpunarverkefni fengu samtals 26,825 milljónir, þrjátíu og fjögur menningarverkefni fengu alls 26,945 milljónir og þrír stofn- og rekstrarstyrkir voru veittir að upphæð 5,5 milljónir samtals. Fjöldi umsókna var aðeins færri miðað við síðasta ár , en hærri hlutfall verkefna fá styrk sem endurspeglar gæði verkefna og fjölbreytileika sem sýnir sig að á Austurlandi eru tækifæri til atvinnusköpunar og blómlegs menningarlífs.

Í ár lagði úthlutunarnefnd sérstaka áherslu á að styrkja verkefni sem efla menningar- og listsköpun, nýsköpun og atvinnuþróun á Austurlandi, með sérstaka áherslu á þátttöku barna og ungmenna, skapandi samstarf og nýjar lausnir. Þá var horft til verkefna sem styðja við sjálfbæra þróun og nýtingu staðbundinna auðlinda.

Styrkþegar

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Félagsbúið Lindarbrekka	Víðines	2.970.000 kr.

Víðines í Fossárdal, lifandi menningar- og sögustaður þar sem gestir upplifa búsetuhætti fyrri tíma. Gististaður með tvö svefnherbergi og eldhús, í koti í afdal, í ósnortinni náttúru Fossárdals. Atvinnuuppbygging á sögustað sem styður við áfangastaðinn Austurland, ferðamennsku og fjölgun starfa utan helsta annatíma. Tengist flugi í Egilsstaði.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Sköpunarmiðstöðin	Rekstarstyrkur	2.500.000 kr.

Sköpunarmiðstöðin er byggðaðróunarverkefni á sviði menningar, menntunar og atvinnusköpunar. Starfsemin leggur áherslu á samlegðaráhrif þessara sviða með það að markmiði að tryggja sjálfbærni samfélagsins og sporna þannig við fólksfækkun og skorti á atvinnutækifærum. Sköpunarmiðstöðin hyggst ná markmiðum sínum með því að byggja upp fjölbreytta og faglega aðstöðu til grundvallar starfseminni og skapa þannig hvetjandi umhverfi fyrir nýsköpun, menningar- og fræðslustarf.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Sinfóníuhljómsveit Austurlands	Dichotomies	2.000.000 kr.

Sinfóníuhljómsveit Austurlands heldur tónleika þann 12. apríl 2026 í Tónlistarmiðstöð Austurlands á Eskifirði þar sem hún frumflytur nýtt verk, Dichotomies, eftir Wesley Stephens. Hljómsveitin pantaði tónverk frá Wesley á árinu 2025 og á þessum tónleikum má heyrna afraksturinn af því samstarfi, en þetta er fjórða verkið sem hljómsveitin pantar frá austfirsku tónskáldi. Einnig flytur hljómsveitin hina stórfenglegu níundu sinfóníu Antonín Dvořák ásamt L'Arlésienne svítu nr. 2 eftir Georges Bizet.



Efri mynd: Frá tónleikum í Bláu kirkjunni. (Ingvi Örn Þorsteinsson)
Neðri mynd: Listamenn við störf í Sköpunarmiðstöðinni á Stöðvarfirði. (Esther Ösp Gunnarsdóttir)

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Skaftfell	Sýningardagskrá 2026	2.000.000 kr.

Sýningadagskrá Skaftfells fyrir árið 2026 samanstendur af sex sýningum á Seyðisfirði eftir listamenn af svæðinu, innlenda listamenn og erlenda. Áhersla er lögð á myndlist sem sprettur úr menningu og landslagi Austurlands. Íbúum og gestum býðst innihaldsrík upplifun í gegnum rannsóknarmiðaðar sýningar og samstarf við fremstu sýningarstjóra.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Ars Longa samtímalistasafn ses.	Rekstrarstyrkur	2.000.000 kr.

Markmið Ars longa samtímalistasafns á Djúpavogi er að safna og varðveita lista- verk eftir íslenska og alþjóðlega listamenn, vera leiðandi vettvangur alþjóðlegrar samtímalistar og efla tengsl og samvinnu við listamenn og aðra fagaðila á alþjóðavísu með metnaðarfullu sýningarhaldi og menningarviðburðum. Sérkenni staðarins er einkennandi í starfsemi safnsins og áhersla lögð á safnið sem áfangastað í alþjóðlegu samhengi.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Margrét Sigfúsdóttir	Ævintýraleg vetrarferð til Mjóafjarðar	2.000.000 kr.

Ævintýraleg vetrarferð til Mjóafjarðar býður upp á einstaka upplifun í afskekktum firði á Austurlandi. Gestum er siglt á staðinn þegar landleiðin lokast, þeir njóta kyrrðar, norðurljósa og notalegrar gistingar með heitum potti. Heimafólk leiðir gesti inn í sitt daglega líf ásamt því að bjóða upp á göngur, hjólatúra og sveitastörf. Verkefnið sameinar ævintýri, menningu og tengingu við samfélagið og styrkir þannig atvinnu og sjálfbæra ferðapjónustu í Mjóafirði allt árið um kring.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Austur Bý	Þróun nýrra afurða og markaðssetning	1.984.500 kr.

Austur Bý miðar að þróun og framleiðslu býafurða úr hreinum, staðbundnum hráefnum á Austurlandi. Vörulínan byggir á hunangi, bývaxi, propolis, býeitri og hreindýrafitu og verður kynnt undir vörumerkinu Austur Bý – hrein náttúruafurð. Markmiðið er að koma vörunum í verslanir, skapa ný störf og efla sjálfbæra verðmætasköpun þar sem náttúra, handverk og nýsköpun mætast.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Nýtingarmiðstöð á Vopnafirði	Sölurými	1.800.000 kr.

Gerð sölurýmis þar sem slátursalan var áður fyrr og nú heitir Nýtingarmiðstöð á Vopnafirði. Vottað vinnslurými verður tilbúið þar innan skamms, þar sem bændur, smáframleiðendur og frumkvöðlar geta framleitt og þróað sínar vörur. Með tilkomu sölurýmis í gömlu slátursólunni geta framleiðendur selt beint til neytenda. Markmiðið er að styðja við staðbundna atvinnu, efla sjálfbæra verslun og styrkja samfélagið, þar sem allir hagnast á lifandi verslun.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Sláturhúsið	Vor / Wiosna 2026 - sviðslistir	1.500.000 kr.

Vor / Wiosna er árleg lista- og menningarhátíð þar sem áhersla er lögð samspil og samtal pólskra listamanna við íslenskt samfélag. Hátíðinni er ætlað að vekja upp spurningar um stöðu og sýnileika listafólksins innan hinna hefðbundnu ramma íslensku listasennunar og á hvern hátt menningarlegur bakgrunnur okkar speglast í listinni. Megináhersla hátíðarinnar 2026 eru sviðslistir og á hátíðinni verða sviðslistaverk sem að unnin eru sérstaklega fyrir hátíðina ásamt fleiri dans- og hreyfilistaverkefnum.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Ströndin Atelier ehf.	Ljósmyndadagar á Seyðisfirði 2026 „Staðarvíska“	1.500.000 kr.

Ljósmyndadagar á Seyðisfirði 2026 heiðra ljósmyndun út frá staðarþekkingu og samfélagi. Þemað „Staðarvíska“ dregur fram tengsl staðar, sköpunar og fólks. Dagskráin hefst á sýningu ljósmynda eftir Ásgeir Jón Emilsson (Geira). Á sextán daga langri hátíðinni verður boðið upp á vinnustofur í umsjón virtra alþjóðlegra sérfræðinga, ásamt fjölbreyttum viðburðum sem verða öllum opnir, þ.á.m. samfélags- kvöldverð, kvikmyndasýningar, spjall listamanna og sameiginlegra portrett- myndatöku.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Erna Héðinsdóttir	Berufjarðarfjör 2026	1.500.000 kr.

Berufjarðarfjör er fjölskyldu- og útivistarhátíð í sveit þar sem sjósund, fjallgöngur og náttúruskoðun skipa stóran sess. Fólki gefst tækifæri til að kynnast sveitinni, staðnum, sögu hans og þeim afurðum sem þar eru framleiddar. Berufjörður er sannarlega sérstakur staður með mikla náttúru, fjölbreytt dýralíf og sterka menningararfleifð. Með þessari hátíð er ætlunin að efla samfélagið, draga að gesti til Austurlands og skapa ný tækifæri fyrir íbúa svæðisins.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Hildur Björk Þorsteinsdóttir	Snædalshestar	1.500.000 kr.
Snædalshestar er þróunarverkefni sem miðar að því að byggja upp vetrarhestaferðir í Hamarsfirði á Austurlandi. Verkefnið tengir saman náttúru, hesta og menningu svæðisins og leggur grunn að heilsársferðapjónustu í samstarfi við Bagga ehf. á Bragðavöllum. Markmiðið er að skapa rólega og gæðamiðaða upplifun þar sem gestir fá að kynna náttúru og dýrum í litlum hópum. Verkefnið styður við fjölbreyttara atvinnulíf og styrkir ímynd Austurlands sem vistvæns og menningarlegs áfangastaðar.		

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Ásrún Mjöll Stefánsdóttir	Herðubreið - klifur	1.500.000 kr.
Herðubreið - klifur er ný og sjálfbær klifuraðstaða á Seyðisfirði sem styrkir stöðu og aðdráttarafl Austurlands sem klifur- og útivistaráfangastaðar. Snjallkerfi gerir notendum kleift að velja úr þúsundum leiða. Verkefnið eykur tómstundamöguleika íbúa svo um munar, dregur að ferðafólk og sameinar hreyfingu, heilsu og nýsköpun. Þetta er fyrsta aðstaða sinnar tegundar á Íslandi og skapar störf allt árið um kring.		

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Marínó Stefánsson	Hugbúnaðarlausn fyrir sveitarfélög	1.500.000 kr.
Hugbúnaðurinn á að auka kolefnisvitund og stuðla að hugarfarsbreytingu íbúa og sveitarfélagsins varðandi losun úrgangs. Hann er hannaður í þeim tilgangi að kostnaðarstýra þjónustu sveitarfélagsins við íbúa og atvinnustarfsemi á svæðinu. Lausnin styður við kröfur um öflun ófjárhagslegra/sjálfbærni-upplýsinga í samræmi við fyrirhugaðar reglugerðir ESB og vinnur á einu samræmdu flokkunarkerfi (EWC). Hún gerir allar upplýsingar samanburðahæfar og auðveldar sveitarfélögum yfirsýn yfir málaflokkinn.		

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Skógarafurðir	Fljótsdalshús - einbýlishús úr íslenskum efnivið	1.250.000 kr.
Verkefnið snýst um að hanna frumgerð af alíslensku, grænu einbýlishúsi fyrir nýjan byggðakjarna í Fljótsdal með lágt kolefnisspor þar sem efnisval ræðst af hráefni svæðisins og hringrásarhagkerfinu. Stórir nytjaskógar og öflug timburvinnsla Skógarafurða í Fljótsdal skapa einstakt tækifæri til að byggja hús eingöngu úr efnivið úr heimabyggð.		



Frá sýningu Ars Longa, Í lággróðrinum. (Vikram Padhan)

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Fjarðabyggð	Upptakturinn á Austurlandi 2026	1.200.000 kr.
Upptakturinn veitir börnum á Austurlandi tækifæri til að senda inn frumsamið lag og vinna að útsetningu undir leiðsögn tónlistarfólks af svæðinu. Höfundar verka fá aðgang að tónsmiðjum og tækifæri til að hljóðrita demo í Studio Silo. Dómnefnd Upptaktsins velur svo einn tónsmið sem þátttakanda í smiðjum á vegum Upptaktsins í Reykjavík þar sem ungir tónsmiðir fá frekari leiðsögn við útsetningu sem er síðan frumflutt af atvinnu hljóðfæraleikurum á Barnamenningarhátíð í Hörpu.		

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Brauðdagar Deighús	Markaðssetning og pop-up	1.100.000 kr.
Brauðdagar Deighús færa Austurlandi handgert súrdeigsbrauð með því að nýta bæði stafrænar laysnir og viðburði. Verkefnið felur í sér opnun á netsölu ásamt reglulegri dreifingu, sem gerir íbúum svæðisins kleift að nálgast gæðabrauð og bakkelsi hvar sem þeir búa. Mánaðarlegir pop-up viðburðir með samstarfsaðilum af svæðinu efla tengsl við viðskiptavinum okkar. Verkefnið gefur dreifbylinu betra og persónulegra aðgengi að ferskum, staðbundnum matvælum.		

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Embla Fönn Jónsdóttir	HreinDýrð	1.100.000 kr.
Þróað verður húðkrem úr hreindýrafitu sem verður eingöngu unnið úr austfirskum hráefnum. Markmiðið er að umbreyta hreindýrafitu í verðmæta, vistvæna afurð með húðverndandi eiginleikum. Verkefnið sameinar sjálfbærni, nýsköpun og nýtingu austfirskrar náttúru og getur skapað ný tækifæri í framleiðslu náttúrulegra snyrtivara á Austurlandi.		

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Minjasafnið Bustarfelli	Hljóðleiðsögn um Minjasafnið á Bustarfelli	1.000.000 kr.
Verkefnið felur í sér gerð handrits að hljóðleiðsögn um Minjasafnið á Bustarfelli, einn best varðveitta torfbæ Íslands. Með lifandi frásögnum, hljóðum og sögum heimafólks geta gestir upplifað sögu, líf og menningu staðarins á eigin hraða. Leiðsögnin verður lyftistöng fyrir safnið þar sem hún eykur aðgengi að menningararfi þjóðarinnar og bætir upplifun gesta. Hún styrkir ferðapjónustu á Austurlandi, sérstaklega á Vopnafirði og skapar þannig ný tækifæri til menningarstarfa og ferðapjónustu.		

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Menningarstofa Fjarðabyggðar	Innsævi 2026 Listahátíð Fjarðabyggðar	1.000.000 kr.
Verkefnið felur í sér víðfeðma dagskrá um alla Fjarðabyggð þar sem áhersla er á samfélagsmiðaðar aðgerðir í hverjum bæ. Hver staður fær sitt þema, t.d. endurheimt og ræktun garða í Neskaupstað. Dagskráin mun jafnframt samræmast öðrum hátíðum, s.s. Listahátíð í Reykjavík, til að efla menningarleg og stofnanaleg tengsl milli landshluta. Samstarf við söguleg hús, eins og Templarann í Fáskrúðsfirði, Sköpunarmiðstöð og einstök rými eins og Beljanda Brugghús mun auka menningarlegt samtal.		

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Sögufélag Austurlands	Fundið Ísland: Minnismerki um Naddoð	1.000.000 kr.
Verkefnið snýr að minnismerki um Naddoð sem var samkvæmt heimildum fyrsti norræni maðurinn sem leit landið augum og staldraði við nálægt Fáskrúðsfirði. Tilgangur verkefnisins er að vekja athygli á þessu með það fyrir augum að auka söguvitund íbúa og ferðafólks með því að koma því rækilega á framfæri hvar landshlutinn er á landakortinu.		

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Skaftfell	Fræðslustarf Skaftfells 2026	1.000.000 kr.
Eitt af meginmarkmiðum Skaftfells, listamiðstöðvar Austurlands, er að koma beint að fjölbreyttri listfræðslu í fjórðungnum og stuðla að gróskumikilli tengingu milli listalífs á Austurlandi, í Reykjavík og á alþjóðavísu. Skaftfell sinnir þessum skyldum með þremur mikilvægum verkefnum er koma að fræðslustarfi miðstöðvarinnar: Þróun og framleiðsla á árlegu listfræðsluverkefni Skaftfells sem er í boði fyrir alla skóla á Austurlandi; prentnámskeiði fyrir börn og ungmenni; og samstarfi við Listaháskóla Íslands.		

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Hringleikur sirkuslistafélag	Sirkuslestin: sýningin Shjówmenn og smiður á BRAS	1.000.000 kr.
Nýjasta sýning sirkuslistafélagsins Hringleiks ferðast um Austurland haustið 2026 sem hluti af barnamenningarhátíðinni BRAS. Í sýningunni Shjówmenn skoða tveir trúðar veröld sjómennskunnar í gegnum sirkuslistir, s.s. djögg, jafnvægislistir og loftfímleika. Opnar sirkussmiðjur verða kenndar í tengslum við sýninguna. Hringleikur hefur undanfarin ár sótt Austurland heim með sýningar og smiðjur af ýmsum stærðargráðum og fundið fyrir meðbyr og áhuga fyrir áframhaldandi sirkusstarfi á Austurlandi.		



Efri mynd: Myndlistarsýning í Þórsmörk í Neskaupstað. (Fjarðabyggð)
Neðri mynd: Vörur frá Austur Bý kynntar á Matarmóti 2025. (Esther Ösp Gunnarsdóttir)

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Home Soil ehf.	Kjarval	1.000.000 kr.

Kvikmynd í fullri lengd um síðustu sumardvöld listmálarans Jóhannesar Kjarval austur á Hvamm, ferð hans til Borgarfjarðar og síðustu sýningu listamannsins í Reykjavík um vetur sama ár.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Sinfóníuhljómsveit Austurlands	Resktarstyrkur	1.000.000 kr.

Sinfóníuhljómsveit Austurlands var stofnuð í maí 2018 af sjö austfirskum hljóðfæraleikurum. Markmið hennar er að efla og auðga menningarlíf á Austurlandi og skapa vettvang fyrir hljóðfæraleikara, langt komna nemendur, tónskáld, einleikara og kóra til að starfa í eða með sinfóníuhljómsveit. Hljómsveitin heldur fjölbreytta og aðgengilega tónleika víða um Austurland, styður við tónsköpun sem tengist landshlutanum og eflir listrænt starf og tónlistartengda fræðslu á svæðinu.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Sterkur Stöðvarfjörður	Fljótandi gufa á Stöðvarfirði - 1. áfangi	1.000.000 kr.

Verkefnið felur í sér hönnun og undirbúning fljótandi gufu við gömlu bryggjuna á Stöðvarfirði – einstakt baðsvæði þar sem hafið, hönnun og samfélag mætast. Markmiðið er að skapa aðgengilega og einstaka upplifun sem bætir lífsgæði íbúa Austurlands, laðar gesti að og skapar ný tækifæri í ferðaþjónustu og atvinnu, sem og styrkir Stöðvarfjörð sem heilsársáfangastað á Austurlandi.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Minjasafn Austurlands	Minningar og menning	1.000.000 kr.

Um er að ræða tilraunaverkefni Minjasafns Austurlands, í samstarfi við Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA) og Héraðsskjalasafn Austfirðinga, þar sem þróuð verður ný tegund safnfræðslu fyrir fólk sem glímir við heilabilun og minnissjúkdóma. Verkefnið nýtir menningararf, safnkost, tónlist og samtal sem leið til að virkja minni, styrkja sjálfsmynd og efla vellíðan. Lögð er áhersla á virðingu, aðgengi og örvandi upplifun í öruggu umhverfi.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Bærinn okkar	Aðstaða og aðgengi í Kvíabólsfjöru	1.000.000 kr.

Verkefnið felur í sér uppbyggingu brúar og trépalls í Kvíabólsfjörinni í Neskaupstað til að bæta aðgengi og skapa ný tækifæri til útivistar og þjónustu. Með aðstöðunni verður fjaran að aðlaðandi áfangastað fyrir heimamenn og ferðamenn. Með þessu er stutt við starfsemi veitingastaða og frekari þjónustu á svæðinu og opnar á möguleika fyrir nýja atvinnu- og afþreyingarstarfsemi. Verkefnið eflir ferðaþjónustu, skapar verðmæti og styrkir atvinnulíf og samfélag á svæðinu.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Hallormsstaðaskóli	Að borðinu – framtíðarráð um skapandi sjálfbærni	1.000.000 kr.

Verkefnið Að borðinu – framtíðarráð um skapandi sjálfbærni á Austurlandi felur í sér tvo samráðsfundi í Hallormsstaðaskóla þar sem fjallað verður umvistvæna nýtingu skógarafurða og þróun nýrra verðmæta úr staðbundnum auðlindum. Verkefnið tengir saman Hallormsstaðaskóla, Háskóla Íslands og hagaðila á Austurlandi í samstarfi við dr. Karl Aspelund við University of Rhode Island og stuðlar að nýsköpun, alþjóðlegu samstarfi og sjálfbærri þróun í héraði.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Refsstaður ehf.	Bætt kjötvinnsla og sýnileiki vopnfirskis gæðakjöts	940.000 kr.

Verkefnið felur í sér áframhaldandi uppbyggingu kjötvinnslu vopnfirskis gæðakjöts á Vopnafirði. Markmiðið er að bæta vinnsluflæði, vörumerkingar og sýnileika fyrirtækisins með kaupum á merkjavog, frystiskáp og uppsetningu á útiskilti við sláturhúsið. Verkefnið styður við aukna fagmennsku, rekjanleika og markaðsgetu fyrirtækisins og eflir þannig staðbundna matvælaframleiðslu á Austurlandi.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Ásmundur Örn Harðarson	Hamp Hitaprik	900.000 kr.

Verkefnið felst í þróun hamp priks (Hemp Stick) með náttúrulegu CBD. Hamp prik er sjálfbær nýjung sem býður upp á hreinan og öruggan valkost fyrir reykþóbaksnotendur og þá sem vilja draga úr neyslu sterkari efna. CBD hefur róandi og heilsusamleg áhrif án vímu og getur stutt fólk í átt að heilbrigðari neysluvenjum. Markmiðið er að þróa frumgerð, framkvæma prófanir og hefja prufuframleiðslu sem geti leitt til nýrrar grænnar atvinnugreinar og mögulegs útflutnings.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Daria Andronachi	Connected by food & Connected by food - Christmas mood	800.000 kr.

Tveir samfélagsviðburðir sem fagna menningarlegum fjölbreytileika og inngildingu á Austurlandi í gegnum gleðina sem felst í matargerð. Verkefnið hvetur bæði heimafólk og innflytjendur til að elda hefðbundna rétti frá heimalöndum sínum og deila þeim með gestum. Með þessu eru byggðar brýr á milli menningarheima, hvatt er til samtals og samheldni eflað. Verkefnið breytir einfaldri máltíð í hátíð sameiningar og fjölbreytni.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Juan Jose Ivaldi Zaldivar	Ég er someone	800.000 kr.

Fangar líf og sögur fólks af erlendum uppruna sem býr á Austurlandi í gegnum ljósmynda- og frásagnasýningu sem heiðrar uppruna þeirra og vekur umræður um stöðu þessara hópa á Austurlandi og á Íslandi almennt.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Sláturhúsið	Sumarsýning 2026 /Melancholia - Viola Ujazdowska	800.000 kr.

Sumarsýning Sláturhússins 2026 er að þessu sinni einkasýning Wiolu Ujazdowska. Viola starfar sem myndlistarmaður á Íslandi og í móðurland sínu Póllandi jöfnum höndum. Hún hefur haldið fjölmargar sýningar bæði á Íslandi og erlendis. Sýningin er fyrsta einkasýning hennar í Sláturhúsinu og jafnframt hennar stærsta einkasýning til þessa.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Randalín handverkshús ehf.	Afrakstur ævinnar - kennari/frumkvöðull/listakona	800.000 kr.

Sýning á verkum Guðrúnar Sigurðardóttur í Sláturhúsinu menningarhúsi á Egilsstöðum. Á sýningunni verður skrásett í máli og myndum, innsetningum og lifandi vinnustofum lífsverk listhandverkskonunnar Guðrúnar Sigurðardóttur frá Húsey.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Apolline Alice Penelope Barra	Fiskisúpa - Ljósmyndasósa	800.000 kr.

Fiskisúpa – Ljósmyndasósa er röð farandviðburða sem hefur farið fram á Austurlandi frá árinu 2022. Við bjóðum samfélaginu til samtals við gestaljósmýndara í ókeypis kvöldverði. Þetta er boð um reglulega samfélagsfundir, vettvangur fyrir samtal og notaleg, óformleg leið til að kynnast verkum þekktra ljósmýndara frá Íslandi og öðrum löndum. Markmiðið er bæði að færa samtímaljósmýndun nær Austurlandi og styrkja félagslíf samfélagsins.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Monika Frycova	KIOSK 108 - Art Venues 2026 (summer)	800.000 kr.

Þessi einstaki vettvangur mun hýsa fjölbreytta og líflega dagskrá tónleika, gjörninga og menningarviðburði með sérstakaka áherslu á norræna sköpun og list.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Hollvinasamtök um gömlu kirkjuna á Djúpavogi	Námskeiðaröð Gömlu kirkjunnar á Djúpavogi	800.000 kr.

Námskeiðsröð Gömlu kirkjunnar á Djúpavogi stofnar til þeirrar menningarmiðju sem Gamla Kirkjan á Djúpavogi er eftir að hún hefur nú verið gerð upp. Gamla kirkjan á Djúpavogi stendur í hjarta kaupsinsins, og er minnisvarði um sögu fólksins og staðarins um leið og hún er það menningarhús þar sem fólk, á öllum aldri, kemur saman til að efla sig, efla aðra, efla hæfni, leikni, mannauð, samveru og samfélagið sitt. Gamla kirkjan á Djúpavogi starfar eftir gildum og stefnu hæglætisstefnunnar Cittaslow.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Flugklúbbur Egilsstaða	Flug&Fákar	800.000 kr.

Flug & Fákar er stærsta-litla flughátíð í heimi! Hún er haldin annað hvert ár og síðustu tvö skipti hafa slegið í gegn! Gott veður, listflugvélar, litlar vélar, stórar vélar, einkapötur og kafbátaleitarvél frá bandaríska hernum. Hvað er betra en að spóka sig í hlýjum hnjúkapey, sjá krakka á krossurum, flotta fornbíla, gamlar græjur með funheitan hamborgara í hendinni? Flugtak 26. júlí 2026 kl. 12:00!



Frá uppskerufögnuði gömlu kirkjunnar á Djúpavogi. (Íris Birgisdóttir)

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Guðmundur Daði Árnþórsson	Tölvuhvíslarinn	800.000 kr.

Tölvuhvíslarinn er ný og persónuleg tölvu- og tækniþjónusta í Neskaupstað sem miðar að því að bæta aðgengi íbúa Austurlands að faglegri og áreiðanlegri tölvuviðgerð, ráðgjöf og fræðslu. Verkefnið sameinar þekkingu, nýsköpun og samfélagslega nálgun með áherslu á endurnýtingu tækja og sjálfbærni í tækniumhverfi. Með þjónustunni skapast bæði störf á svæðinu og aukin tækniþekking meðal almennings.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Félag ljóðaunnenda á Austurlandi	Útgáfa ljóðabóka árið 2026	600.000 kr.

Félag ljóðaunnenda á Austurlandi áformar að gefa út tvær ljóðabækur árið 2026. Stefnt er að útgáfu nýrrar bókar í floknum Austfirsk ljóðskáld. Hún mun geyma úrval ljóða og lausavísna eftir hjónin Jónínu Þorbjörgu Magnúsdóttur og Hjálmar Guðmundsson sem bjuggu í Fagrahvammi í Berufirði um miðja tuttugustu öld. Einnig mun félagið gefa út bók eftir Stefaníu Guðbjörgu Gísladóttur frá Seldal í Norðfirði. Stefanía býr í Ástralíu en ljóð hennar sýna að hún er enn fyrst og fremst austfirskt skáld.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Bláa kirkjan	Sumartónleikaröð Bláu kirkjunnar	600.000 kr.

Sumartónleikaröðin hófst árið 1998 og er því á sínu 27. starfsári. Tónleikarnir eru í Seyðisfjarðarkirkju á miðvikudagskvöldum í júlí og ágúst. Lögð er áhersla á fjölbreytta tónleika með klassískri tónlist, djass, og léttari tónlist. Mikil eftirspurn er eftir tækifæri að koma fram á tónleikunum bæði frá innlendum og erlendum flytjendum. Flytjendur hafa undanfarin ár komið frá Færeyjum, Danmörku, Noregi, Austurríki, Bandaríkjunum og víðar.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Sláturhúsið	Langt út / far out	600.000 kr.

Jazztónleikaröð í Sláturhúsinu, átta tónleikar yfir árs tímabil ásamt masterclass vinnustofum. Undirstaðan er jazz en útsetning og listræn nálgun er síbreytileg eftir því hver kemur í heimsókn.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Hlín Pétursdóttir Behrens	Tónlistarstundir á Héraði	600.000 kr.

Í Egilsstaðakirkju fá langt komnir tónlistarnemendur tækfæri til að láta ljós sitt skína, trío frá Akureyri, þau Sóley Björk Einarsdóttir, Emil Þorri Emilsson Vilhjálmur Ingi Sigurðarson tveir trompetar og slagverk, síðan kammerhópurinn Örafi, Hlín Pétursdóttir Behrens, Ásdís Arnardóttir og Steinunn Halldórsdóttir Hailer. Í Vallaneskirkju leikur tríóið Gadus moruha þjóðlög og eigin útsetningar og gítar-leikarinn Uwe Eschner frá Þýskalandi flytur tónlist frá Spáni og Suður-Ameríku.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Leikfélag Fljótsdalshéraðs	Leiklistarhópur í Sláturhúsinu	580.000 kr.

Í kjölfar mikils fjölda barna sem hefur áhuga á leiklist á Héraði og hefur ekki fundið sig í öðru félagasstarfi vill leikfélagið bjóða upp á leiklistarhóp fyrir krakka og unglinga. Leiklistarhópurinn væri opinn öllum sem áhuga hafa í 3.-10. bekk, yrði þeim að kostnaðarlausu og því án skuldbindinga svo hann sé opinn öllum sem vilja prófa.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Fjárhúsin	Gerðu þitt eigið - opið rými fyrir ferðamenn	550.000 kr.

Fjárhúsið opnar handverksrými fyrir ferðamenn sumarið 2026. Gestir geta án bókonar tekið þátt í stuttum vinnusmiðjum þar sem þeir búa til minjagrip úr hráefnum frá Austurlandi, svo sem ull og/eða tré. Verkefnið sameinar handverk, ferðaþjónustu, sjálfbærni og eykur afþreyingu á svæðinu.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Bókasafn Héraðsbúa	Ritlist 16-25 ára	500.000 kr.

Ritlist 16-25 ára á að veita ungu fólki á Austurlandi tækifæri og hvatningu til skapandi skrifa. Boðið verður upp á tvær gjaldfrjálsar ritlistasmiðjur þar sem þekktir textahöfundar verða leiðbeinendur.



Efri mynd: Sinfóníuhljómsveit Austurlands.
Neðri mynd: Eva Jörgensen og Kimi Emma Juliette Tayler frá Brauðdögum deighúsi í viðtali við RÚV á Matarmóti 2025. (Esther Ösp Gunnarsdóttir)

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Listahátíð í Reykjavík	Tónleikar Stefáns Ragnars á Innsævi	500.000 kr.

Einn fremsti flautuleikari heims um þessar mundir, Stefán Ragnar Höskuldsson frá Neskaupstað, kemur til Íslands næsta sumar til tónleikahalds í Reykjavík og á Eskifirði. Verkefnið er samstarf tveggja hátíða: Listahátíðar í Reykjavík og Innsævis í Fjarðabyggð. Stefán Ragnar, ásamt gestalistamönnum, mun halda tvenna tónleika í Tónlistarmiðstöð Austurlands á Eskifirði; annars vegar skólatónleika og hins vegar kvöldtónleika sem opnir verða almenningi.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Bjarni Einarsson Faust	Víkingar á vesturleið	500.000 kr.

Bókin fjallar um norrænt fólk, sem við köllum víkinga, en á meðal fræðimanna er allt fólk í Skandinavíu og hluta af Baltíkum kallað víkingar. Fólk þetta hélt út á Atlantshafið í leit sinni að auðæfum og nýjum tækifærum og nam land í Færeyjum og á Íslandi. Til Bretlandseyja kom þetta fólk einnig og ekki alltaf í friðsömum erindagjörðum. Fyrir utan verslun og tilraunir til landnáms stundaði það einnig rán og rupl áður en það hvarf inn í það samfélag sem það rændi og skildi eftir sig örnefni og DNA. Aðalleikarar bókarinnar eru Vogur í Höfnum, Reykjanesbær og Stöð á Stöðvarfirði, Fjarðabyggð.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Háskóli Íslands	100 ára afmæli George P. L. Walker (1926-2026)	500.000 kr.

Í tilefni að því að 100 ár eru liðin frá fæðingu jarðfræðingsins George P.L. Walker verður haldin þriggja daga ráðstefna á Austurlandi í september á næsta ári. Stefnt er að því að farið verði í tveggja daga vettvangsferð í tengslum við ráðstefnuna og að einum degi verði varið í ráðstefnuhald á Breiðdalsvík með flutningi erinda og veggspjalda. Skipulag ráðstefnunnar getur tekið einhverjum breytingum ef áhugi vísindasamfélagsins gefur tilefni til þess.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Andrea Katrín Guðmundsdóttir	Minningaleikhús	500.000 kr.

Hver manneskja býr yfir miklum fjársjóði; aragrúa minninga og sagna úr eigin lífi. Sviðsetning minninga eldri borgara gefur þeim vægi og veitir áhorfendum innsýn inn í líf þeirra sem þær eiga. Minningaleikhúsið er sviðslistarverk með eldri borgurum sem eflir samfélagslega virkni, styður sköpunargáfu eldri einstaklinga, tengir saman kynslóðir, er söguleg heimild og stuðlar að fjölbreyttari þjónustu og aukinni virðingu fyrir reynslu og þekkingu eldri borgara á Austurlandi.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Blús-, rokk- og djass-klúbbur á Nesi	Strengir, tónleikaröð	500.000 kr.

Tónleikaröðin Strengir samanstendur af 11 mánaðarlegum tónleikum með mis-munandi flytjendum. Flytjendurnir eiga það allir sameiginlegt að spila á strengja-hljóðfæri; gítar, ukulele, píanó eða önnur strengjahljóðfæri. Tónlistin getur verið sungin eða leikin, annað hvort eða bæði. Hér er á ferðinni tónlistarfólk sem kemur fram eitt eða í litlum hópum. Tónleikarnir verða haldnir á tímabilinu frá því í apríl 2026 fram í mars 2027.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Stofnun Gunnars Gunnarssonar	Rithöfundalest um Austurland 2026	500.000 kr.

Rithöfundalestin er rótróíð samstarfsverkefni aðila á Austurlandi sem standa fyrir upplestrum og skólaheimsóknum í þeim tilgangi að auka áhuga á bókmenntum, kynna ný verk og höfunda og stuðla að kynningu á austfirskum höfundum og bæta tengslanet þeirra.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Skjaldborg - hátíð íslenskra heimildarmyndafélaga	Skjaldbakan - námskeið í heimildamyndagerð	360.000 kr.

Skjaldbakan skríður um landið og býður upp á námskeið í heimildamyndagerð. Hún býður krökkum að horfa í kring um sig og skoða sitt nærumhverfi og sinn hversdagsleika í gegnum nýja linsu. Verkefnið gefur þeim tækifæri til þess að varpa sínum hugarheim á hvíta tjaldið og upplifa sig sem höfund verks í sal fullum af áhorfendum. Skjaldbakan vinnur með skólum víðsvegar um landið og býr þannig til tengingar þvert yfir landið.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Ann-Marie Gisela Schlutz	Fljótsdalsflutningar, 1. áfangi	360.000 kr.

Fljótsdalur er vaxandi ferðamannasvæði á Austurlandi með vaxandi þörf fyrir vöruflutninga og innkaupþjónustu. Engin flutningsþjónusta er í boði. Einkaferðir hvers fyrirtækis leiða til mikils kostnaðar, óskilvirkar nýtingar á vinnutímum starfsfólks og aukinnar losunar gróðurhúsalofttegunda. Verkefnið stefnir að því að meta og sýna fram á hagkvæmni þess að skapa atvinnutækifæri með sérhæfðri flutninga- og innkaupþjónustu fyrir svæðið í Fljótsdal og víðar.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Teresa Maria Rivarola	What home means to us - Collective Lab	305.000 kr.

Vðerkefnið snýst fyrst og fremst um að skapa rými fyrir kvenkyns innflytjendur þar sem þær finna að þær séu séðar, heyrðar og tengdar — við sjálfar sig, hver aðra og sitt nýja heimili. Verkefnið er framhald af söguhópum kvenna sem hófust í Sæhjarta-verkefninu 2024. Konurnar koma saman á Egilsstöðum, í Neskaupstað og á Stöðvarfirði til að deila sögum og fá verkfæri, í skapandi vinnustofu, til að þróa sameiginlega innsetningu og hljóð- og myndefni sem sýnt verður í tveimur bæjum.

Umsækjandi	Verkefni	Upphæð styrks
Baldur Grétarsson	Austfirðingaspilin	270.500 kr.

Útgáfa Austfirðingaspila þar sem persónur Austfirðingasagnanna fornu koma við sögu, sem hámenn í hlutverkum ása, kónga, drottninga, gosa og jókera, með það að markmiði að vekja áhuga fólks á fornsögunum sem gerast hér eystra. Falleg og notendavæn spil sem eiga að snerta notandann dýpra en venjuleg spil með kynnum við persónur austfirsku fornsagnanna. Spilin eiga að vekja áhuga fólks um innihald gömlu sagnanna og hvetja til lesturs eða hlustunar á þeim í áleitnum heimi stafrænna samskiptamiðla.

